

Mál nr. 486/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. desember 2024 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 4. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. nóvember 2024 hafi starfsmenn X verið að störfum í fasteign M, en tilgangurinn hafi verið að bora nýja rás fyrir skólplögn sem komi út úr vegg á neðri hæð hússins. Engin lagnateikning sé til af fasteigninni og hafi starfsmenn X verið upplýstir um það. Hafi þeir, þrátt fyrir ábendingar um að bora minna gat, borað gat í vegg sem lá að baðherbergi og við það hafi þeir gert gat á kaldavatnslögn. Hafi verið gert við sjáanlegar skemmdir en síðar um daginn hafi uppgötvast að umrædd lögn var einnig tengd sturtu en ekki bara eldhúsvaski. Hafi viðgerð vegna þess verið umfangsmikil og M verið vatnslaus í þrjár vikur. Reikningar vegna viðgerðanna nemi þá hundruðum þúsunda og t.a.m. hafi þurft að taka upp parket og taka eldhúsinnréttingu niður. Hafa M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins, en V hafnað þeirri kröfu með bréfi dags. 19. desember 2024.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi verið fengið til að kjarnabora gat fyrir nýrri skólplögn í gegnum vegg úr eldhúsi og niður í geymslu á neðri hæð í húseigninni. Lagnateikning hafi ekki verið til staðar og hafi X tjáð M að mögulega yrði borað í lögn. Falskt loft í kjallara hafi verið opnað og lagnir þar skoðaðar, og út frá staðsetningu þeirra hafi verið ákveðið hvar skyldi bora. Þegar borun hafi verið hálfnuð hafi vatn byrjað að leka og hafi X þegar lokað fyrir vatnsinntak og notað vatnssugu til að sjúga upp þann leka sem varð. Hafi svo pípulagningmaður komið og tengt lögnina án nokkurra afskipta X. Síðar hafi svo komið í ljós að lögnin var einnig tengd við blöndunartæki í sturtu. Megi skilja málatalbúnað M með þeim hætti að þau telji að verkið hafi ekki verið unnið með réttum hætti, þ.e. að X hafi vanefnt samning aðila. Sé slíkt tjón innan samninga skýrlega undanskilið gildissviði vátryggingarinnar. Hins vegar megi ætla að M geti lagt slíka kröfu fyrir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sem sé sá aðili sem úrskurði um vanefndir innan samninga þegar um þjónustukaup er að ræða. Þess utan verði umrætt tjón ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X sem sé skilyrði fyrir því að bótaréttur stofnist úr ábyrgðartryggingu. Öll vinna X hafi þannig verið til samræmis við verkferla slíkra verka, þannig hafi starfsmenn þess skoðað aðstæður vel og borað þar sem þeir töldu að engar lagnir væru fyrir. Er þá einnig bent á að vátryggingin taki einungis til beins munatjóns.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar hafi starfsmenn X átt að kynna sér legu á lögnum. M séu ekki sérfræðingar í lögnum en eftir á að hyggja sé augljóst að lagnir hafi verið þar sem borað var, enda séu blöndunartæki í sturtu staðsett þar beint fyrir ofan. X gefi sig þá út fyrir að búa yfir tækjabúnaði til myndunar á lögnum og hefði X getað nýtt þann búnað til að átta sig á aðstæðum. M hafi þá orðið fyrir fjárhagstjóni vegna starfa X og geti þau ekki átt að bera það sjálf.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir áréttáðar og jafnframt tekið fram að ekki sé mögulegt að mynda kaldavatnslagnir þar sem þær séu svo mjóar. Engin teikning hafi verið til staðar en starfsmenn X hafi kynnt sér aðstæður eins vel og unnt var. Hafi svo verið, í samráði við M, ákveðið að bora þar sem gert var en M hafi jafnframt verið tjáð að ekki væri með fullvissu hægt að staðhæfa að engar lagnir væru þar fyrir. Er því þá hafnað að staðsetning lagnarinnar hafi verið augljós enda geti lagnir í eldri húsum legið í allar áttir sem ómögulegt sé að sjá fyrir. Þá hefði það ekki breytt neinu hefðu starfsmenn X notað minni bor til verksins enda hefði það ekki komið í veg fyrir skemmdir á lögninni. Hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit.

M krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 4 gr. skilmála vátryggingarinnar bætir hún beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs, þ.e. X, sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera þá ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

M byggja á því að X hafi sýnt af sér aðgæsluleysi við umrædda borun og að það hafi leitt til tjóns þeirra. Engin ítarleg gögn liggja fyrir um verk það sem X vann, og verða engar afdráttarlausar ályktanir um verklag þess dregnar af þeim ljósmyndum sem fyrir liggja af verkstað. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir skýrsla þess pípulagningamanns sem kom að viðgerðum, eða yfirlýsing annars aðila með viðhlítandi fagþekkingu, um að borun með þessum hætti hafi verið óforsvaranleg. Þá er óumdeilt að engar lagnateikningar lágu fyrir af fasteign M. Í slíkum tilvikum verður að ætlast til að verktaki grípi til raunhæfra aðgerða sem með sanngirni sé hægt að ætlast til af honum til að meta legu lagna eftir því sem unnt er. Aðila greinir m.a. á um hvort það hafi verið gert. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir nefndinni um legu lagna í fasteign M, og t.a.m. er ekki unnt að greina af fyrirliggjandi ljósmyndum að borun hafi átt sér stað svo nálægt blöndunartækjum í sturtu að hættan af henni væri augljós. Án slíkra gagna og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki fullyrt að X hafi sýnt af sér aðgæsluleysi þannig að leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess. Hallinn af sönnunarskorti hvað það varðar hvílir á M og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu þeirra.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir